

**Nd.**

## **228. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Rauðuvík við Eyjafjörð.

Flutningsm.: Bernh. Stefánsson.

### **1. gr.**

Að Rauðuvík við Eyjafjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarkóðar, samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild stjórnartíðindanna.

### **G r e i n a r g e r ð.**

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni eiganda jarðarinnar Rauðuvíkur og meðmælum hreppsnefndarinnar í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Fylgir hér með bréf hreppsnefndarinnar.

### **Fylgiskjal.**

Hellu, 27. júlí 1931.

Herra alþingism. Bernharð Stefánsson!

Samkvæmt beiðni ábúanda og eiganda jarðarinnar Rauðuvíkur hér í hreppi, leyfir hreppsnefnd Árskógshrepps sér hérmeð að fara þess á leit við yður, að þér flytjið á yfirstandandi Alþingi löggilding hafnar við Rauðuvík á Eyjafirði.

Höfn sú, er hér um ræðir, er góð í allri norðlægrí og vestlægrí átt, og aðalástæðan fyrir löggildingarbeiðni þessari er sú, að vélbátar þeir, er hafa útræði þaðan nú, fást ekki váttryggðir á legunni, vegna þess að höfnin er ólöggilt,

og kemur þetta sér mjög illa. Í öðru lagi má taka það fram, að höfnin er líkleg til stærri útgerðarrestrar, s. s. síldarstöðvar.

Hreppsnefndin mælir því með, að höfn þessi verði löggilt nú þegar.

Virðingarfyllt.

Fyrir hönd hreppsnefndar.  
Kristján E. Kristjánsson.